

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 138 – 17. 11. 2010

Miðvikudaginn 17. nóvember árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Drög að rekstraráætlun Skv. fyrir árið 2011.
2. Vatnsgjald fyrir árið 2011.
3. Bréf frá Fjölneti ehf.
4. Ljósleiðararör í Hofsóss og nágrenni.
5. Breytingar á þjónustusamningi við GS.
6. Önnur mál.
 1. Bréf frá fjölskylduhjálpi Íslands.
 2. Viðræður við forsvarsmenn Rækjuverksmiðjunar Dögunar.

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram og kynnti drög að rekstraráætlun fyrir árið 2011.
2. Samþykkt að vatnsgjald verði vegna ársins 2011, 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 33,00 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 39,00.
3. Lagt fram bréf frá Fjölneti þar sem óskað er eftir sjó eða vatni til kælingar í tölvu/hýsingarsal að Hesteyri 2 Sauðárkróki. Samþykkt sala fersk vatns til Fjölnets skv. gjaldskrá.
4. Skrifað undir afsal um afhendingu á ljósleiðararörakerfi í Hofsóss og nágrenni, samkvæmt hluthafasamkomulagi á milli Kaupfélag Skagfirðinga, Sveitafélagsins Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf vegna aukningu á hlutafé í Gagnaveitu Skagafjarðar dagssett. 23.06.2010.
5. Þjónustusamningur við Gagnaveitu Skagafjarðar ræddur. Páli falið að ganga frá samningum um aukið vinnuframlag frá Skagafjarðarveitum ehf.
6. Önnur mál.
 1. Bréf frá Fjölskylduhjálpi Íslands, þar sem óskað er eftir styrk. Erindinu hafnað.
 2. Einar gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmenn Rækjuverksmiðjunar Dögunar vegna kaldavatns og sjósölu til þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

